



## FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBROTASKÓLANS Í GARÐABÆ 1. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2016 MIÐVIKUDAGINN 24. ÁGÚST KL.13:15

### 1. Bréf o.fl. erindi.

#### A. Umsóknir um leyfi (sjá minnisblað)

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 96% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

#### B. Umsóknir um mat á íþróttum, skerta tímasókn, undanfarabrot

##### Mat á íþróttum:

Ein umsókn send til kennslustjóra í íþróttum til afgreiðslu.

#### C. Önnur bréf

Einn nemandi sækir um undanþágu frá dönsku – samþykkt eftir umsagnarferli hjá kennslustjóra í erlendum málum.

### 2. Félagslíf og fjármál NFFG

Stjórn NFFG 2016-2017: Guðbjörn Björnsson forseti, Freymar Örn Ómarsson fjármálastjóri, Alexandra Kristín Johnsdóttir varaforseti, Sigríður Ósk Hrafnkelsdóttir formaður skemmtinefndar, Selma Björk Hermannsdóttir markaðsstjóri og Jóel Ísak Jóelsson formaður málfundafélagsins.

Félagið mun bjóða nemendum upp á grillaðar pylsur næsta föstudag og svo verður nýnemaferð 1.sept., ball 7.sept. á Spott í Kópavogi og Þórsmerkurferð 6.-7. okt. Íþróttavika er svo áætluð í september. Atburðadagatal NFFG verður sett á heimasíðuna. Áhugi er á að endurverkja ýmsar nefndir á vegum félagsins sem legið hafa í dvala. Nemendur fá leyfi til að taka fram til prufu fótboltaspil sem hafði verið fjarlægð vegna hávaðamengunar. Ítrekað var að Björkvöld eru bönnuð.

Stjórn NFFG var hvött til að vera öðrum nemendum til fyrirmyndar á viðburðum og skemmtunum.

### 3. Önnur mál

Skólaráð lýsir ánægju sinni með góða umgengni NFFG í sambandi við móttöku nýnema.

##### Fundinn sátu:

Anna G. Hugadóttir náms-og starfsráðgjafi  
Anna Jeeves fulltrúi kennara  
Edith Edda Unnarsdóttir fulltrúi kennara  
Elísabet Siemsen skólameistari  
Freymar Örn Ómarsson fjármálastjóri NFFG  
Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri  
Guðbjörn Björnsson forseti NFFG  
Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir áfangastjóri  
Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi  
Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari  
Tinna Ösp Arnadóttir félagsmálafulltrúi  
Unnur Símonardóttir náms-og starfsráðgjafi